



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Alþingi
Erindi nr. P 139/1686
komudagur 14.3.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 14. mars 2011
2011030122/0.1.2/GG/aba

Efni: Umsögn landlæknis um tillögu til þingsályktunar, mál nr. 274.

Landlæknisembættið telur að tillaga til þingsályktunar, mál nr. 274, geti verið ein leið til að draga úr áfengisdrykkju ungmenna á grunn- og framhaldsskólaaldri og styður hana. Þess ber að geta að rannsóknir sýna að fræðsla ein og sér skilar ekki nægilega miklum árangri, víðtækar samfélagslegar aðgerðir þurfa að koma til. Ljóst er að ef draga á úr áfengisdrykkju barna og ungmenna á þessum aldri er einnig brýnt löggjafinn tryggja að bann við auglýsingum á áfengum drykkjum sé skýrt og að ekki sé hægt að sniðganga það með neinum hætti. Embættið telur einnig að tillögur um að lækka áfengiskaupaldur frá tvítugu til átján ára séu afar varhugaverðar og að standa eigi vörð um núverandi áfengiskaupaaldur. Einungis með samstilltu átaki foreldra, þeirra sem vinna með ungmennum og löggjafans næst árangur við að draga úr áfengisdrykkju ungmenna.

Virðingarfyllst,

Anna Björg Aradóttir yfirlýðingur
sviðsstjóri gæða- og lýðheilsusviðs